

FORSÆTISNEFND

Ár 2016, föstudaginn 29. apríl, var haldinn fundur í forsætisnefnd. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 11.05. Viðstödd voru Sóley Tómasdóttir, Elsa Hrafnhildur Yeoman og Halldór Auðar Svansson. Einnig sátu fundinn Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, Halldór Halldórsson, Helga Björk Laxdal og Linda Sif Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 3. maí apríl nk.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Ársreikningur Reykjavíkurborgar; fyrri umræða
- b) Reykjavíkurflugvöllur – deiliskipulag, sbr. 26. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. apríl
- c) Umræða um málefni Langholts-, Laugarnes- og Vogahverfis
- d) Kosning í velferðarráð
- e) Kosning í íþrótt- og tómstundaráð
- f) Kosning í mannréttindarráð

Samþykkt að fram fari oddvitaumræða um ársreikning Reykjavíkurborgar og að ræðutími verði ótakmarkaður.

2. Lögð fram drög að dagskrá aukafundar borgarstjórnar 10. maí.

Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Ársreikningur Reykjavíkurborgar; seinni umræða

3. Lögð fram umsögn forsætisnefndar um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að heimilt verði að opna fundi og ráð og nefnda og hefja beinar útsendingar frá þeim, sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar þann 15. mars sl. Frestað.

4. Lagt fram að nýju bréf heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dags. 10. mars 2016, varðandi endurskoðaða samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík ásamt greinargerð, dags. 19. febrúar 2016, ásamt fylgiskjöllum. Vísað til borgarstjórnar.

Árný Sigurðardóttir, Eygerður Margrétardóttir, Rósa Magnúsdóttir og Guðmundur Benedikt Friðriksson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 11.47 víkur Halldór Halldórsson af fundi.

5. Fram fer umræða um næstu skref varðandi fjölgun borgarfulltrúa. Frestað.

6. Fram fer kynning á stöðu mála hjá umboðsmanni borgarbúa.
Samþykkt að gera ráð fyrir því að umboðsmaður borgarbúa leggi fram skýrslu sína um starfsemi embættisins á fundi forsætisnefndar þann 3. júní nk. og henni verði vísað til umræðu á fundi borgarstjórnar þann 7. júní nk.

Ingi B. Poulsen tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 12.27

Sóley Tómasdóttir

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Halldór Auðar Svansson